


Ráðgátur málverksins

Á yfirgripsmikilli sýningu franska málarsans Jacques Monory á Kjarvalsstöðum sjáum við olíumálverk máluð í köldum bláum tónaskala þar sem ólíkum aðföngum er stefnt saman í eina heild án þess að samhengið sé okkur að fullu skiljanlegt. Heimurinn, sem Monory birtir, er eins og séður í gegnum bláa filmu eða skjá. Þetta er myndmál ljósmyndarinnar og sjónvarpsins, yfirfært í efni og langa hefð olíumálverksins.



Monory: Ráðgáta nr. 17.

Heimur Monorys er þannig tilbúinn í tvennum skilningi: sem máluð olíumynd af sýndarveruleika ljósmyndarinnar og sjónvarpskjásins. Fyrirbærinn í þessum myndheimi eru tiltölulega fá og hafa gegnumgangandi skírskotun í goðsagnaheim nútímafjölmiðlunar þar sem ofbeldið birtist okkur í dulargervi byssunnar, tæknibúnaðarins, gullsins, tækniumhverfisins og hins kynferðislega valds sem þessi búnaður færir karlímyndinni á bak við dökk sólgleraugu undir barðastór-um og skuggsælum hatti.

Myndir sínar kallar Monory ráðgátur en sýningin hefur yfirskriftina Kuldi og má hvort tveggja til sanns vegar færa: málverkin eru ráðgátur sem hafa enga augljósa merkingu og litaskalin er kaldur, eins og andrúmsloftið sem málverkin miðla. Það er haft eftir málaranum í inngangsorðum í sýningarskrá að merking þessara mynda sé honum sjálfum ráðgáta ekki síður en okkur sem á horfum og vill greinarhöfundur meina að áhugi málarsans beinist einkum að allsherjarmarkarkreppu í samtímanum og viðleitni hans sé meðal annars að losa málverkið við ákveðna merkingu og breyta þessari tilraun í grunnmerkingu listar sinnar. Þessi þversögn

skilar okkur reyndar skammt í að nálgast þessar myndir en væntanlega er tilgangurinn með því að rjúfa það rökrétta orsakasamhengi í mynd-

Myndlist

Ólafur Gíslason

rænni framsetningu, sem ljósmyndin býður til dæmis upp á, sá að leiða í ljós annað samhengi sem kannski er mikilvægara.

Samhengið, sem kemur í ljós þegar búið er að tæma málverkið af augljóstri merkingu, hefur meðal annars með sálræna virkni myndmiðilsins að gera og samspilið á milli myndmáls og tungumáls. Þegar við mætum fyrirbærum eins og byssu, hátæknibúnaði, tækniandrúmslofti og kaldri birtu neónljósa sem umgjörð um glæpinn, morðið og hetjukossinn frá Hollywood, þá erum við öll á heimavelli: allt þetta þekkjum við úr fjölmiðlaheimi og umhverfi samtímans. Þetta er heimur sem við getum líka kennt við viljann til valds, eins og Nietzsche orðaði það, þar sem sagan er túlkuð út frá frumspekilegri kennisetn-

ingu sem samfelld martröð sem mannum beri nauðsyn til að frelsa sig undan. En myndheimur Monorys er ekki heimur beinnar eftirlíkingar heldur heimur líkinga í öðru veldi og sem slíkur er hann viðfangsefni til túlkunar. Af honum verður ekki dregin nein ályktun um söguspeki eða aðra frumspeki, þvert á móti getum við lesið út úr þessari notkun táknaðsins ákveðna losun þess við frumspekilega líkingu við algildan sannleika eða algilt sjónarhorn. Með því að losa myndmálið undan hinu beina og augljósa orsakasamhengi og hinu eina og algilda sjónarhorni sem hefðbundin fjarviddarframsetning rýmisins byggir á, getur myndheimur Monorys orðið tilefni til að koma auga á dulið samhengi, til dæmis á milli ofbeldis og vissrar notkunar myndmáls í viðasta skilningi þess orðs. Eða á milli ofbeldis og tæknihyggju, ofbeldis og vissrar tegundar iðnhönnunar og umhverfismótunar. Þessi myndheimur er eins og ráðgátur sem hafa í sér innbyggðar mótsagnir þar sem orsakalögmál, tungumál og myndmál rekast á.

Ráðgátur Monorys á Kjarvalsstöðum eru verðugt umhugsunarefni þeirra sem hafa áhuga á að kryfja það sjónræna áreiti sem umlykur okkur alls staðar og getur hæglega gert okkur blind ef ekkert er að gert.

Sýning Monorys stendur til 31. mars á Kjarvalsstöðum.

Þjóðlegur fróðleikur

Mannlíf og saga í Þingeyrar- og Auðkúluhreppum hinum fornu er komið út í annað sinn hjá Vestfirski forlaginu. Fjölmargar greinar eftir marga höfundu eru í heftinu. Þær helstu eru Minnispunktur úr mannlífi í Hokinssdal í Arnarfirði og nágrannabæjum, eftir Þorleif Kr. Guðlaugsson, og Hvenær voru elstu húsin byggð og af hverjum, þáttur úr húsasögu Þingeyrar, eftir Gunnar Hvammdal. Nokkur kveðskapur er líka í ritinu, meðal annars vísa sem Elías M. V. Þórarinnsson frá Hrauni orti þegar hann kom að luktum dyrum í Höfn eftir að Kristján Jakobsson og fjölskylda fluttu þaðan 1943:

Örlögin spá engu góðu andinn stendur kyrr. Áður fyrr mér ávallt stóðu opnar þessar dyr.

Skríkjur

Unnur Halldórsdóttir, kennari og formaður Landssamtaka foreldra, Heimili og skóli, hefur árum saman tekið að sér að semja gamanvísur og annað skemmtiefni fyrir fólk. Nú hefur hún gefið út á bók úrval gamanvísna um sitthvað í þjóðlífinu, bændur og búskaparbasl, hestamennsku, börn og uppeldi, framsóknarmenn, ráðherra, snyrtifræðinga, úrsmíði og ýmsar fleiri manntegundir. Bókin heitir Skríkjur og hefur að einkunnarorðum ummæli ljóskunnar Mae West: „Það er skemmtilegra að vera glaður!“

Þessar hæfilega ábyrgu gamanvísur eru geysihaglega ortar og kímniðgáfa höfundar er í góðu lagi. Því miður eru bragirnir of langir til að birta hér, en ein staka er í bókinni um kvennaskokk (með sínu lagi!):

Sérhver kona eldri og yngri út fer skokkandi. Er það ekki, ekki, ekki, ekki lokkandi?

Tímaritið um myndlist

Í nýju hefti Tímarits Máls og menningar (1 1997) eru birt þrjú erindi sem haldin voru á ráðstefnu um myndlistargagnrýni í Norræna húsinu í haust sem leið, hvert öðru merkilegra og skemmtilegra. Gunnar J. Arnason heimspekingur rekur þróun myndlistargagnrýni á Íslandi á þessari öld í greininni „Á báðum áttum. Um aðstöðu gagnrýnenda á jaðarsvæðum“, og má heimfæra margt sem hann segir upp á gagnrýni um aðrar listgreinar. Hann skýrir óvissu gagnrýnenda og greinir hlutverkið sem þeir tóku sér: „Annars vegar ... að kynna almenningsi hina ungu listgrein og yfirvinna fáfræði og fordóma hinna óupplýstu ... Hins vegar ... að greina verðuga frá óverðugum, góða list frá lélegri, standa á varðbergi gagnartvöðulegum erlendum áhrifum, gegn loddurum og falsspámönnum, sem voru hellapvegir fylgis- menn erlendar hugmyndafræði og tisku.“ En gátu þeir treyst dómgreind sinni – og hvernig gátu þeir breitt yfir vanþekkingu á liststraumum erlendis? Það gerðu þeir með því að rækta hina „persónulega sýn“ sem er svo algeng í listrýni á jaðarsvæðum og fullkomlega eðlileg – hún dugar bara ekki ein og sér.


Í „Einu letters bréfi til útkjálkarkrítikers“ sýnir Aðalsteinn Ingólfsson svo ástandið núna frá kómisku sjónarhorni, en grein Jóns Proppé, „Frummyndin sem hvarf“, tekur útgangspunktinn í merki grein Walters Benjamins um listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar. Merk framlög sem gott er að fá á prent. Meðal annars efnis í TMM er grein Dagnýjar Kristjánsdóttur um skáldsögu Jakobínu Sigurðardóttur, ljóð eftir Sigurð Pálsson og fleiri, minningarorð Þorsteins frá Hamri um Sigfús Daðason, ritdómar og margt fleira.

Smásagnameistarinn

Um helgina var á Íslandi góður gestur sem áður hefur heimsótt okkur: norsk rithöfundurinn Kjell Askildsen. Hann hefur verið kallaður meistari smásögunnar, og margt ósannara hefur verið sagt eins og þeir vita sem hafa lesið hann á norsku eða þýðingu Hannesar Sigfússonar á nokkrum smásögum hans í bókinni Síðustu minnisblöð Tómasar F. fyrir almennings sjónir (Mál og menning 1995). Hann þykir einstaklega sparsamur á orð, segir sjálfur að gagnrýnendur saki hann um orðafátækt. En texti sem segir allt segir of mikið, segir hann, „og það er líka hægt að orða það svo að texti sem segir allt segi of lítið.“

Í ritdómi í Information um nýjustu bók Kjells Askildsens, Hundarnir í Þessaloníku, segir Erik Skyum-Nielsen að nýtt hugtak hafi orðið til í bókmenntaumræðu haustsins í Noregi: Askildsen-syndrómið. Það var rithöfundurinn Jan Kjærstad sem bjó það til í tilefni af deilum um nýjustu bók Peters Høegs, Konan og apinn. „Hann var síður en svo að tala niðrandi um stórmeistara smásögunnar, Kjell Askildsen, heldur fór það í skapið á honum hvað norskir gagnrýnendur eru fljóttir að klappa saman litlu lófunum sínum í hvert sinn sem prósa höfundur skrifar „knappt“ og „málefnalega“ og beitir „stílltum“, „hófsömum“ stíl sem „gefur meira í skyn“ en sagt er fullum fetum.“

Erik Skyum-Nielsen minnir kurt-eislega á að tímamótaverk skáldsögunnar hafi oftast en ekki verið skrifuð af höfundum sem hneigðust til að ýkja og nefnir Rabelais og Cervantes sem dæmi. En það komi ekki mál



Kjell Askildsen – segir frekar minna en meira.

við sögur Askildsens sem ráði „Hin ögrandi þversögn í smásögum fjarskalega vel við sinn knappa stíl. hans er fólgin í því að þrátt fyrir –

eða ef til vill vegna þess hvað hann er knappar þá tekst honum að segja svo ótrúlega mikið. Minimalisminn, hreinræktaður af snillingi, rúmar sálfræðilegan hita og kraft.“

Kjell Askildsen skrifar um afar einmana manneskjur sem ekki geta orðað hugsanir sínar og náð sambandi við aðra. Heimili litur hann á eins og fangelsi og um leið verða þau smækkaðar myndir af samfélaginu í sögum hans. Hann lítur ekki á það sem sitt verk að fegra veruleikann heldur sé skylda listarinnar að vekja óróa. „Ég geng inn í aðstöður þar sem ástin hefur búið en er farin. En það er ekki það sama og að segja að ástin sé ekki til,“ segir hann í viðtali við Linn Ullmann í Dagblaðinu norska í nóvember. Þar segist hann heldur aldrei segja meira en nauðsyn krefur í sögum sínum heldur reyni hann í staðinn að búa til ríkulegan undirtexta: „Ég reyni að gera lesandann órólegan og óöruggan, láta hann hætta að lesa og fara að hugsa. ... Auðvitað verður maður að hafa eitthvað að segja, en ég er að skrifa um efni sem hefur verið skrifað um frá upphafi bókmenntanna. Fingraförin eru í forminu.“

Þessi undirtexti kom fjarskalega vel fram í upplestri höfundar á laugardaginn í Norræna húsinu; húmorinn naut sín til fullnustu en örvæntingin kom líka skýrt fram í frábærri túlkun hans.

Nýja smásagnasafnið hans Kjells Askildsens er væntanlegt á íslensku snemma á næsta ári.

